



**UMHVERFISSTOFNUN**

**Tillaga að starfsleyfi fyrir  
Norðurá bs.  
- urðunarstaður við Stekkjarvík -**

Guðmundur B. Ingvarsson

Opinn kynningarfundur  
Félagsheimilinu Blönduósi  
15. september 2010



# Yfirlit

- 1) Hvað er starfsleyfi?
  - Markmið laga og reglugerða sem starfsleyfi byggja á.
  - Innihald starfsleyfis.
  - Ferill starfsleyfisveitingar.
  
- 2) Urðunarstaðurinn við Stekkjarvík:
  - Starfsleyfisumsókn Norðurár.
  - Staðsetning.
  - Mat á umhverfisáhrifum.
  - Ákvæði starfsleyfistillögu.



# Hvað er starfsleyfi?

- Ákvörðun Umhverfisstofnunar eða viðkomandi heilbrigðisnefndar í formi skriflegs leyfis þar sem heimilaður er tiltekinn atvinnurekstur að uppfylltum skilyrðum.
- Skilyrðin eiga að stuðla að verndun umhverfisins með því að setja starfseminni ramma varðandi umfang, aðbúnað, starfshætti og mengunarvarnir. Mæla einnig fyrir um eftirlit með mögulegri mengun.





# Hvað er starfsleyfi?

- Gefið út í samræmi við:
  - Lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.
  - Reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.
  - Lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs.
  - Reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs.
  - Reglugerð nr. 738/2003 um urðun úrgangs.



# Markmið löggjafar

- Helstu markmið áðurnefndra laga og reglugerða:
  - Að búa landsmönnum heilnæm lífsskilyrði.
  - Að koma í veg fyrir og draga úr mengun frá atvinnurekstri.
  - Að stuðla að því að meðhöndlun úrgangs valdi sem minnstum óæskilegum áhrifum á umhverfið.
  - Að draga úr hættu sem förgun úrgangs getur haft á heilsu manna og dýra.





# Innihald starfsleyfis

## - helstu atriði -

- Lýsing á starfsemi.
- Ákvæði um starfshætti.
- Ákvæði um mengunarvarnir.
- Ákvæði um vöktun og eftirlit.
- Ákvæði um losunarmörk fyrir mengunarefni.





# Ferill starfsleyfisveitingar

- Rekstraraðili sækir um starfsleyfi til Umhverfisstofnunar.
- Umhverfisstofnun vinnur starfsleyfistillögu og tekur mið af umsögnum frá heilbrigðisnefnd og fleiri aðilum.
- Starfsleyfistillaga er auglýst opinberlega í 8 vikur. Öllum er frjálst að gera skriflegar athugasemdir við tillöguna.
- Umhverfisstofnun hefur 4 vikur til að taka ákvörðun um útgáfu starfsleyfis.
- Ákvörðunin er kæránleg til umhverfisráðherra innan tveggja vikna.




# Starfsleyfisumsókn Norðurár bs.

- Umsókn um starfsleyfi barst Umhverfisstofnun 6. ágúst 2009 og viðbætur, breytingar og fylgiskjöl bárust á tímabilinu 24. nóv. 2009 - 30. júní 2010.
- Sótt var um starfsleyfi fyrir urðun allt að 21 þús. tonna af almennum úrgangi á ári.
- Framkvæmdin fór í mat á umhverfisáhrifum og birti Skipulagsstofnun álit sitt 5. maí 2010.
- Við gerð starfsleyfistillögu var leitað umsagna Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra og Skipulagsstofnunar.





# Staðsetning urðunarstaðarins





# Mat á umhverfisáhrifum

## Álit Skipulagsstofnunar:

- Neikvæð áhrif verða fyrst og fremst við bæinn Sölvabakka, þ.e. sjónræn áhrif og lyktarmengun. Áhrifin verða tímabundin og ekki veruleg, enda hafi Norðurá boðað mótvægisaðgerðir.
- Óvissa er um gæði náttúrulegs leirlags á botni en í starfsleyfi verði fullnægjandi þétting tryggð. Neikvæð áhrif á vatnafar verða því ekki veruleg.
- Viðhafi Norðurá þá starfshætti og mengunarvarnir sem kynnt hafa verið mun urðunin ekki valda verulega neikvæðum og óafturkræfum umhverfisáhrifum.




# Ákvæði starfsleyfistillögu

Tillagan skiptist í sjö kafla:

1. Almenn ákvæði.
2. Starfshættir.
3. Varnir gegn mengun ytra umhverfis.
4. Móttaka og urðun úrgangs.
5. Innra eftirlit rekstraraðila.
6. Gjaldskylda.
7. Gildistaka.

# 1. Almenn ákvæði

Umfang starfseminnar:

- Heimilt að taka á móti og urða allt að 21.000 tonn af almennum og óvirkum úrgangi á ári og setja upp olíugeymi og þvottaaðstöðu.
  - Þær tegundir úrgangs sem heimilt er að urða:
    - Allur úrgangur sem ekki flokkast sem spilliefni.
    - Stöðug, óvirk spilliefni sem fullnægja settum kröfum.
  - Óheimilt að urða fljótandi úrgang, hjólbarða, brotajárn og ökutæki.
  - Óheimilt að geyma úrgang á staðnum.
  - Móttaka geislavirks úrgangs og sprengiefna er bönnuð.
  - Brennsla úrgangs er bönnuð.
- 



# 1. Almenn ákvæði


## Eftirlitsaðili:

- Umhverfisstofnun hefur eftirlit með starfseminni.
- Tvær reglubundnar eftirlitsferðir á ári (1. flokkur).
- Viðbótareftirlit ef ástæða er til.

## Samráðsfundur:

- Einu sinni á ári skal boðað til samráðsfundar þar sem sitja fulltrúar Norðurár, Umhverfisstofnunar og Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra.

## Endurskoðun starfsleyfis:

- Reglubundin endurskoðun á fjögurra ára fresti.
  - Umhverfisstofnun er einnig heimilt að endurskoða starfsleyfið ef tilefni er til.
- 




# 1. Almenn ákvæði

## Neyðaráætlun:

- Norðurá ber að útbúa neyðaráætlun um meðhöndlun úrgangs á svæðinu ef kemur til óvæntrar stöðvunar á rekstri urðunarstaðarins.

## Lokun urðunarstaðar:

- Frágangur urðunarstaðar og eftirlit í 30 ár eftir lokun skulu vera í samræmi við ákvæði reglugerðar um urðun úrgangs.
  - Svæðið skal falla sem best að landslagi að loknum frágangi.
  - Áætlun um endanlegan frágang og landnotkun eftir lokun skal liggja fyrir a.m.k. ári áður en starfsemi lýkur.
- 



# 1. Almenn ákvæði

Upplýsingaréttur almennings:

- Almenningsur á rétt á aðgengi að upplýsingum um starfsleyfi, starfsleyfisumsókn og mengunarvarnaeftirlit.

Valdsvið og þvingunarúrræði:

- Fylgi Norðurá ekki ákvæðum starfsleyfis, ákvæðum laga og reglugerða eða fyrirmælum eftirlitsaðila getur Umhverfisstofnun beitt þvingunarúrræðum til að knýja fram úrbætur. Úrræðin felast m.a. í áminningu, dagsektum og stöðvun rekstrar.

## 2. Starfshættir



UMHVERFISSTOFNUN

Umhverfi og takmörkun aðgangs:

- Lágmarka skal álag sem starfsemin hefur á umhverfið.
- Athafnasvæði skal vera snyrtilegt.
- Athafnasvæði skal afgirt til að takmarka aðgang óviðkomandi og hindra ólöglega losun úrgangs.
- Fara skal þannig með allan úrgang við meðhöndlun að hann valdi ekki óþrifnaði eða ónæði.

Mengunarvarnir og nýting orku:

- Nota skal bestu fáanlegu tækni við mengunarvarnir, hafi hún verið skilgreind, og skal nýta orku vel.
- Lágmarka skal heildaráhrif mengunar á umhverfið og tryggja víðtæka umhverfisvernd.



## 2. Starfshættir

Umhverfismarkmið:

- Norðurá skal setja sér umhverfismarkmið og starfa samkvæmt þeim.

Viðbragðsáætlun:

- Útbúin skal áætlun um viðbrögð við hugsanlegri bráðamengun. Skal áætlunin byggjast á áhættumati.

Óeðlilega mikil mengun:

- Berist óeðlilega mikil mengun frá starfseminni út í umhverfið ber Norðurá að koma í veg fyrir útbreiðslu mengunarefna og að hreinsa þá mengun sem orðið hefur, á sinn kostnað.



## 2. Starfshættir



UMHVERFISSTOFNUN

Tilkynningaskylda vegna mengunarslysa:

- Verði óhapp eða slys sem getur haft í för með sér mengun skal þegar í stað grípa til aðgerða í samræmi við viðbragðsáætlun.
- Tilkynna skal Umhverfisstofnun og Heilbrigðiseftirliti Norðurlands vestra um tilfelli þar sem hættu er á bráðamengun eða umtalsverðum umhverfisáhrifum.

Gjaldtaka fyrir urðun úrgangs:

- Innheimt skal gjald fyrir urðun úrgangs.
- Gjaldið skal standa undir kostnaði vegna rekstrar urðunarstaðarins og eftirlits í 30 ár eftir lokun hans.



## 2. Starfshættir

### Tryggingar:

- Lögð skal fram fullnægjandi trygging eða ábyrgð fyrir því að staðið verði við þær skyldur sem starfsleyfinu fylgja.
- Starfsleyfistrygging skal gilda í 30 ár eftir að urðunarstaðnum hefur verið lokað.
- Lögð skal fram fullnægjandi ábyrgðartrygging vegna mögulegs bráðamengunartjóns.





# 3. Varnir gegn mengun ytra umhverfis

Varnir gegn foki úrgangsefna:

- Komið skal í veg fyrir fok úrgangsefna frá urðunarstaðnum.

Verndun jarðvegs og grunn- og yfirborðsvatns:

- Beina skal yfirborðsvatni frá urðunarstaðnum og tryggja að grunnvatn komist ekki að honum.
- Á botni staðarins skal nýta náttúrulegt leirlag sem jarðfræðilegan tálma. Ekki er þörf á tilbúinni þéttingu.
- Í hliðum staðarins skal vera tilbúinn tálmi sem samanstendur af viðurkenndum bentónít-dúk og hriplagi.



# 3. Varnir gegn mengun ytra umhverfis

## Sigvatn:

- Safna skal öllu sigvatni undan urðunarstaðnum og leiða það í gegnum hreinsivirki áður en það er leitt til sjávar í Stekkjarvík. Í hreinsivirki skal hreinsa sigvatnið með fullnægjandi hætti svo það valdi ekki mengun sjávar.

## Hauggas:

- Safna skal hauggasi sem myndast við niðurbrot úrgangsins.
- Gasið skal nýta eða því eytt með brennslu.





### 3. Varnir gegn mengun ytra umhverfis

Olíugeymir og þvottaaðstaða flutningabíla:

- Olíugeymir skal staðsettur á plani með bundnu yfirborðslagi og frárennsli skal tengt olíuskilju.
- Þvottaaðstaða skal vera með bundnu yfirborðslagi og niðurföll tengd sandfangi og olíuskilju.

Hávaði:

- Lágmarka skal hávaða frá urðunarstaðnum, í samræmi við kröfur sem koma fram í reglugerð um hávaða.





## 4. Móttaka og urðun úrgangs

Móttaka og skráning úrgangs:

- Við móttöku úrgangs skal fara fram sjónrænt mat.
- Krefja má úrgangshafa um gögn er varða eðli og samsetningu úrgangsins.
- Hafna skal úrgangi sem ekki samræmist móttökuskilyrðum staðarins og það tilkynnt til Umhverfisstofnunar.
- Skrá skal magn, tegundir, eiginleika, uppruna og ráðstöfun úrgangs sem tekið er á mót.

Meðhöndlun spilliefna:

- Spilliefnum skal komið til viðurkenndrar spilliefnamóttöku.



## 4. Móttaka og urðun úrgangs

Daglegur frágangur urðunarreina:

- Úrgangur skal birgður samdægurs með þekju efni.
- Koma skal í veg fyrir að meindýr hafist við á staðnum.
- Gott skipulag skal vera á urðunarstaðnum og skal halda stærð vinnsluflatar í lágmarki hverju sinni.


Endanlegur frágangur urðunarreina:

- Eftir fyllingu skulu reinar huldar jarðvegslagi, a.m.k. 1 m þykku.
- Við frágang skal tryggja að regnvatn renni greiðlega af reinum.



## 5. Innra eftirlit rekstraraðila

### Skráningar:

- Magn og tegundir úrgangs sem tekið er á móti, uppruni hans og ráðstöfun.
  - Tilvik þar sem úrgangi er hafnað um móttöku.
  - Staðan á urðunarstaðnum, svæði undir úrgangi, urðunarrými sem eftir er o.fl.
  - Breyting á umfangi urðaða úrgangsins (sig).
  - Mengunaróhöpp og viðbrögð við þeim.
  - Rekstur hreinsivirkis.
  - Niðurstöður eftirlitsmælinga.
  - Veðurfar.
- 



## 5. Innra eftirlit rekstraraðila

### Eftirlitsmælingar:

- Vakta skal eiginleika vatns, sjávarsets og hauggass í samræmi við mælingaáætlun í starfsleyfi:
  - Magn og efnasamsetning sigvatns.
  - Grunnvatnsstaða og efnasamsetning grunnvatns.
  - Mengunarefni í botnseti í Stekkjarvík.
  - Efnasamsetning Dalalækjar.
  - Magn og efnasamsetning hauggass.
- Mælitíðni: Mánaðarlega – annað hvert ár.
- Ef ástæða þykir til getur Umhverfisstofnun krafist tíðari mælinga en áætlunin mælir fyrir um eða dregið úr mælitíðni.




## 5. Innra eftirlit rekstraraðila

### Losunarmörk:

- Við útrás fráveituvatns í Stekkjarvík má hvergi vera sýnileg mengun, s.s. útfellingar, þekjur af rotverum, olía eða froða, aðskotahlutir eða efni sem valda óþægilegri lykt, lit eða gruggi.
- Gæði yfirborðsvatns og sjávarsets skal meta út frá umhverfismörkum í reglugerð.

### Skýrslur til eftirlitsaðila:

- Árlega skal skila niðurstöðum skráninga til Umhverfisstofnunar.
  - Árlega skal skila grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi.
- 



# 7. Gildistaka

Starfsleyfið öðlast gildi við útgáfu.

Það gildir til 16 ára.





# Starfsleyfistillaga fyrir Norðurá

Auglýsingatímabili lýkur 29. okt. nk.

Hægt að nálgast starfsleyfistillögu og starfsleyfisumsókn:

- Á skrifstofu Blönduóssbæjar, Hnjúkabyggð 33.
- Á heimasíðu Umhverfisstofnunar.
- Eintök af starfsleyfistillögu liggja frammi á fundinum.

Athugasemdir skulu vera skriflegar og sendar Umhverfisstofnun eigi síðar en 29. okt. nk.



UMHVERFISSTOFNUN

# **NJÓTUM UMHVERFISINS OG STÖNDUM VÖRÐ UM ÞAÐ SAMAN**

